



Borgarráð

***Nauthólsvegur 79 – afturköllun lóðarúthlutunar og sala byggingaréttar á föstu verði***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að afturkalla lóðarúthlutun vegna Nauthólsvegar 79. Þá er þess óskað að borgarráð samþykki að byggingarréttur á lóðinni verði seldur á föstu verði.

***Greinargerð:***

Þann 29. júní 2023 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar um sölu byggingaréttar á lóðinni Nauthólsvegur 79, sbr. fylgiskjal 1. Skientia ehf., kt. 710811-0240, átti hæsta tilboðið og samþykkti borgarráð þann 31. ágúst 2023 að úthluta Skientia ehf. um 5.320 fermetra lóð (A+B+C rými) að Nauthólsvegi 79 auk 2.265 fermetra byggingarrétti neðanjarðar undir kjallara og bílakjallara. Greiðsla fyrir byggingarétt var kr. 751.000.000 sem skyldi greiðast 45 dögum eftir staðfestingu borgarráðs á úthlutun lóðarinnar, þ.e. 15. október 2023. Kaupverð byggingarréttar hefur ekki verið greitt, þrátt fyrir Reykjavíkurborg hafi heimilað veðsetningu á byggingarétti gegn útgáfu skilyrts veðleyfis banka um greiðslu gjaldanna og ítrekað innt eftir greiðslu. Þann 10. nóvember sl. barst tölvupóstur þar sem því var lýst yfir að greiðsla myndi ekki berast. Er því óskað eftir því að borgarráð afturkalli lóðarúthlutunina, sbr. úthlutunar- og útboðsskilmála, þar sem fram kemur að ef kaupandi byggingarréttar innir ekki af hendi greiðslu kaupverðs byggingarréttarins innan fresta falli úthlutun lóðarinnar niður með afturköllun borgarráðs á úthlutuninni. Þá er þess óskað að borgarráð samþykki að lóðin verði seld á föstu verði. Hið fasta verð grundvallist á tilboðsverði sem Skientia ehf. bauð í lóðina, en taki mið af því að um að ræða 5.070 íbúðarhúsnæðisfermetra ofanjarðar (A+B rými). Samtals verð fyrir byggingaréttinn er því 715.700.000.

Ívar Örn Ívarsson  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

Fundargerð vegna bókunar tilboða, dags. 29. júní 2023.

Tölvupóstur, dags. 10. nóvember 2023



Borgarráð

**Nauthólsvegur 79 – afturköllun lóðarúthlutunar og sala byggingaréttar á föstu verði**

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að afturkalla lóðarúthlutun vegna Nauthólsvegur 79. Þá er þess óskað að borgarráð samþykki að byggingarréttur á lóðinni verði seldur á föstu verði.

**Greinargerð:**

Þann 29. júní 2023 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar um sölu byggingaréttar á lóðinni Nauthólsvegur 79, sbr. fylgiskjal 1. Skientia ehf., kt. 710811-0240, átti hæsta tilboðið og samþykkti borgarráð þann 31. ágúst 2023 að úthluta Skientia ehf. um 5.320 fermetra lóð (A+B+C rými) að Nauthólsvegi 79 auk 2.265 fermetra byggingarrétti neðanjarðar undir kjallara og bílakjallara. Greiðsla fyrir byggingarétt var kr. 751.000.000 sem skyldi greiðast 45 dögum eftir staðfestingu borgarráðs á úthlutun lóðarinnar, þ.e. 15. október 2023. Kaupverð byggingarréttar hefur ekki verið greitt, þrátt fyrir Reykjavíkurborg hafi heimilað veðsetningu á byggingarétti gegn útgáfu skilyrts veðleyfis banka um greiðslu gjaldanna og ítrekað innt eftir greiðslu. Þann 10. nóvember sl. barst tölvupóstur þar sem því var lýst yfir að greiðsla myndi ekki berast. Er því óskað eftir því að borgarráð afturkalli lóðarúthlutunina, sbr. úthlutunar- og útboðsskilmála, þar sem fram kemur að ef kaupandi byggingarréttar innir ekki af hendi greiðslu kaupverðs byggingarréttarins innan fresta falli úthlutun lóðarinnar niður með afturköllun borgarráðs á úthlutuninni. Þá er þess óskað að borgarráð samþykki að lóðin verði seld á föstu verði. Hið fasta verð grundvallist á tilboðsverði sem Skientia ehf. bauð í lóðina, en taki mið af því að um að ræða 5.070 íbúðarhúsnæðisfermetra ofanjarðar (A+B rými). Samtals verð fyrir byggingaréttinn er því 715.700.000.

Ívar Örn Ívarsson  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagð:

Fundargerð vegna bókunar tilboða, dags. 29. júní 2023.

Tölvupóstur, dags. 10. nóvember 2023

Árið 2023, þann 29. júní kl. 12:20 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar um sölu byggingaréttar við lóðina **Nauthólsvegur 79**. Opnuni var framkvæmd rafrænt á vefsvæði útboðsvefjar Reykjavíkurborgar. [www.utbod.reykjavik.is](http://www.utbod.reykjavik.is). Fundargerð ritaði Jóhanna Birgisdóttir

Alls bárust fimm tilboð.

Reir ehf.	kr.	419.000.000
ÞG Asparskógar ehf.	kr.	665.000.000
Skientia ehf.	kr.	751.000.000
Svörtu Hamrar ehf.	kr.	217.000.103
B28 Fasteignir ehf.	kr.	315.120.000

Fundi slitið kl. 12.56

---

**Frá:** Viggó Einar Hilmarsson <viggo@motx.is>  
**Sent:** föstudagur, 10. nóvember 2023 16:02  
**Til:** Jóhanna Krístrún Birgisdóttir  
**Afrit:** Gunnlaugur Auðunn Ragnarsson; Svanur Karl Grjetarsson;  
dora.gunnarsdottir@landsbankinn.is; thorsteinn.hjaltason@landsbankinn.is; Hrefna Þórsdóttir; Ívar Örn Ívarsson  
**Efni:** Re: Nauthólsvegur 79 - greiðsla vegna byggingaréttar  
**Viðhengi:** Skilyrt veðleyfi.pdf; tryggingabréf.pdf  
**Eftirfylgniflagg:** Fylgja eftir  
**Flaggstaða:** Lokið

Sæl. Ég vísa í tölvupóst frá 8. nóv. Þetta tókst ekki.

Kv  
Viggó

Sent from my iPhone

On 9 Nov 2023, at 15:53, Jóhanna Krístrún Birgisdóttir <Johanna.KrISTRUN.BIRGISDOTTIR@REYKJAVIK.IS> wrote:

Komið þið sæl,

Þann 31. ágúst sl. samþykkti borgarráð að úthluta Skientia ehf. kt. 710811-0240, um 5.320 fermetra lóð að Nauthólsvegi 79 auk 2.265 fermetra byggingarrétti neðanjarðar undir kjallara og bílakjallara. Greiðsla fyrir byggingarétt var kr. 751.000.000 og var gjalddagi byggingaréttargreiðslunnar 45 dögum eftir staðfestingu borgarráðs á úthlutun lóðarinnar, þ.e. 15. október 2023.

Til staðar er tryggingabréf útgefið af Skientia ehf. og skilyrt veðleyfi þar sem Landsbankinn hf. ábyrgist m.a. að greiða byggingarétt vegna lóðarinnar, sjá meðfylgjandi.

Hafi greiðsla ekki borist Reykjavíkurborg Eignasjóð, reikningsnúmer 0334-26-54780. kt. 570480-0149, **fyrir kl. 16:00 á morgun föstudaginn 10. nóvember 2023**, verður erindi lagt fyrir næsta fund borgarráðs til samræmis við úthlutunar- og útboðsskilmála þar sem fram kemur að ef kaupandi byggingarréttar innir ekki af hendi greiðslu kaupverðs byggingarréttarins innan fresta fellur úthlutun lóðarinnar niður með afturköllun borgarráðs á úthlutuninni.

Með kærri kveðju,

Jóhanna Krístrún Birgisdóttir  
Lögfræðingur / Legal adviser

---

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara /  
Office of the Mayor and Secretary General  
Ráðhús Reykjavíkur / Reykjavik City Hall  
Sími (+354) 411-4141

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.